

símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins það alvarlega að það leiði til sjúkarhúsvistar. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningaskyldunni og standi veikindin samfellt lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, á hann rétt á uppbótarorlofi, jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörudu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt fera sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja launþega, er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september eftir því sem kostur er, nema sérstaklega standi á.

## V. KAFLI HANDRITALESARAR

### 5.1.

#### Launakjör

Handritalesarar á ritstjórnnum blaða skulu fá sömu laun og blaðamenn samkvæmt I. og II. kafla samnings þessa. Útgefendur skulu greiða vegna handritalesara í lifeyrissjóð, orlofshemilasjóð og menningarsjóð Bí eins og vegna blaðamanna. Þá skulu handritalesarar njóta sömu frídaga og blaðamenn og sama orlofs og blaðamenn samkvæmt greinum 4.1., 4.2., og 4.4. og sama veikindafrís og fæðingarfrís og blaðamenn samkvæmt VI. kafla. Um tryggingu handritalesara skal fara eftir samningum VR skrifstofufólks.

### 5.2.

#### Prófarkalesarar

Þeir, sem gegna störfum handrita- og prófarkalesara jöfnum höndum, teljast handritalesarar í skilningi þessa samnings.

## VI. KAFLI VEIKINDI

### 6.1.

#### Veikindadagar.

Veikist blaðamaður, sem orðinn er fullgildur félagi í Bí, langvarandi á hann rétt á fullum launum á dagvinnukaupi í þrjá mánuði og á hálfum launum í næstu þrjá mánuði þar á eftir, haldist veikindin. Blaðamaður, sem unnið hefur 5 ár eða lengur, á rétt á 4ra mánaða launum og hálfum launum aðra 4 mánuði, haldist veikindin. Blaðamaður, sem unnið hefur 10 ár eða lengur, á rétt á 6 mánaða launum og hálfum launum í aðra 6 mánuði, haldist veikindin.

### 6.1.1

#### Aukavinnukaup í veikindum

Til viðbótar þeim greiðslum, sem að ofan greinir, skal blaðamaður, sem forfallast frá vinnu vegna veikinda eða slysa fá greidda aukavinnu í allt að hálfan mánuð samkvæmt þeim reglum, sem hér greinir. Aukavinnukaup reiknast allt að 2 klst. á dagvinnudag, að hámarki 20 klst. þann tíma, ef aukavinna hans síðastliðna 2 mánuði, áður en veikindi eða slys bar að höndum, nær því meðaltali. Sé meðaltal aukavinnunnar undir þessu hámarki, ræður meðaltalið, eins og það er í reynd.

### 6.1.2

#### Heildarréttur

Réttur til launa vegna veikinda- og slysaforfalla skv. gr. 6.1. og 6.1.1. er heildarréttur á 12 mánaða tímabili án tillits til tegundar veikinda.

### 6.1.3

#### Læknisvottorð

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það vinnuveitanda, í samræmi við reglur fyrirtækisins. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni sé þess óskað. Vinnuveitanda ber að greiða þau læknisvottorð sem hann fer fram á.

### 6.2.

#### Styrktarsjóður blaðamanna

Vegna afnáms beinna greiðslna frá vinnuveitendum í fæðingarorlofi, er samkomulag um að stofna styrktarsjóð sem m.a. er ætlað að greiða styrk í fæðingarorlofi til viðbótar við þau réttindi sem felast í nýjum lögum um fæðingarorlof sem gildi tóku 1. janúar 2001. Greiðslur vinnuveitenda í styrktarsjóð koma að öllu leyti í stað fyrri réttinda í fæðingarorlofi skv. kjarasamningi enda verður að telja þau jafngild. Grein 6.2. um fæðingarstyrk fellur því brott